158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal 350 — 218. mál.

Svar

menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra við fyrirspurn frá Söndru Sigurðardóttur um málstefnu íslensks táknmáls.

1. *Hvernig hefur innleiðingu málstefnu íslensks táknmáls miðað frá því að þingsályktun þess efnis var samþykkt 20. mars 2024?*

Innleiðing málstefnu íslensks táknmáls hófst árið 2024 og tekur mið af aðgerðaáætlun hennar fyrir árin 2024–2027. Málstefnan byggist á sex meginstoðum: máltöku táknmálsbarna, rannsóknum og varðveislu, jákvæðu viðhorfi, fjölgun umdæma íslensks táknmáls, lagaumhverfi og máltækni. Markmiðið er að styrkja stöðu málsins, varðveita það til framtíðar og bæta málumhverfi og þátttökumöguleika táknmálsfólks.

2. *Hvernig miðar framkvæmd þeirra aðgerða sem kveðið er á um í aðgerðaáætlun málstefnu íslensks táknmáls 2024–2027? Hvaða aðgerðum, eftir því sem við á, er lokið, hvaða aðgerðir eru komnar til framkvæmda en er ólokið og hvaða aðgerðir eru óhafnar?*

Aðgerðaáætlunin nær til 32 aðgerða sem heyra undir fjölbreyttan hóp ábyrgðaraðila. Framkvæmdir eru hafnar á 26 aðgerðum en sex aðgerðir eru enn á undirbúningsstigi. Engri aðgerð hefur verið formlega lokið.

Meðal verkefna sem eru komin til framkvæmda eru snemmtæk íhlutun og ráðgjöf fyrir börn og fjölskyldur, samþætting þjónustu í þágu farsældar táknmálsbarna og stuðningur við skóla. Jafnframt er hafin vinna við rannsóknir og undirbúning málheildar íslensks táknmáls, aðgengi að upptökum á SignWiki, þróun fjarnáms og fjarkennslu og áframhaldandi söfnun málfanga.

Meðal helstu ábyrgðaraðila eru menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti, mennta- og barnamálaráðuneyti, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, RÚV, Háskóli Íslands og Félag heyrnarlausra.

Staða aðgerða 3. nóvember 2026:

	Aðgerðir	Staða
A1	Snemmtæk íhlutun fyrir börn og fjölskyldur	Framkvæmd hafin
A2	Samþætting þjónustu í þágu farsældar táknmálsbarna	Framkvæmd hafin
A3	Markvisst eftirlit með námi og kennslu táknmálsbarna í leik-, grunn- og framhaldsskólum	Framkvæmd hafin
A4	Endurskoðun aðalnámskrár til að styrkja stöðu íslensks táknmáls	Framkvæmd ekki hafin
A5	Nám í kennslufræði táknmáls við Háskóla Íslands	Framkvæmd hafin
A6	Upplýsingar og gjaldfrjáls ráðgjöf um máltöku	Framkvæmd hafin
A7	Gjaldfrjáls ráðgjöf fyrir leik- og grunnskóla	Framkvæmd hafin
A8	Markviss aðlögun táknmálsbarna að tákmálssamfélagi	Framkvæmd hafin
A9	Færnimat í íslensku táknmáli á grundvelli evrópskra staðla	Framkvæmd ekki hafin

	Aðgerðir	Staða
A10	Táknmálstalandi nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum njóti náms og kennslu við hæfi	Framkvæmd hafin
A11	Fræðsluefni um íslenskt táknmál	Framkvæmd hafin
A12	Menningarsjóðir aðgengilegir vegna útgáfu táknmálsefnis	Framkvæmd hafin
A13	Almenningur hafi aðgengi að táknmálsnámi hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	Framkvæmd hafin
B1	Verkefnaáætlun fyrir málheild um íslenskt táknmál	Framkvæmd hafin
B2	Rannsóknir á íslensku táknmáli og miðlun þeirra	Framkvæmd hafin
B3	Aðgengi að upptökum á SignWiki	Framkvæmd hafin
C1	Upplýsingar og viðburðir á íslensku táknmáli	Framkvæmd hafin
C2	Foreldrar táknmálsbarna fái faglega ráðgjöf og fræðslu um íslenskt táknmál	Framkvæmd hafin
C3	Upplýsingar um réttindi tengd íslensku táknmáli verði aðgengilegar á vefjum	Framkvæmd hafin
C4	Reglulegir viðburðir um íslenskt táknmál	Framkvæmd hafin
C5	Fræðsla um íslenskt táknmál, sögu og menningu þess hluti af námsefni grunnskólabarna	Framkvæmd hafin
C6	Jákvætt viðhorf til íslensks táknmáls til stuðnings stefnuaðgerðum stjórnvalda	Framkvæmd ekki hafin
C7	Dagur íslenska táknmálsins 11. febrúar	Framkvæmd hafin
D1	Þýðingar úr íslensku yfir á íslenskt táknmál og öfugt	Framkvæmd hafin
D2	Endurmenntun táknmálstúlka verði tryggð sem og sérhæfing	Framkvæmd ekki hafin
D3	Táknmálstalandi fólk hafi möguleika á að birta eigin sögur eða annað listrænt efni	Framkvæmd hafin
D4	Aukið aðgengi efnis og fræðslu á íslensku táknmáli	Framkvæmd hafin
E1	Endurskoðun laga um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	Framkvæmd ekki hafin
E2	Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls metin í samræmi við málstefnu	Framkvæmd ekki hafin
F1	Þróun umhverfis til fjarnáms og fjarkennslu íslensks táknmáls	Framkvæmd hafin
F2	Áframhaldandi söfnun málfanga	Framkvæmd hafin
F3	Táknmálstalandi fólk menntað og þjálfað í tækni sem notuð er til að byggja upp málheild íslensks táknmáls	Framkvæmd hafin

3. *Eru einhver áform uppi um hvernig málstefnu íslensks táknmáls 2024–2027 verður fylgt eftir þegar hún hefur runnið sitt skeið?*

Aðgerðaáætlunin rennur út í lok árs 2027 og mikilvægt er að ákvörðun um næstu skref verði tekin að höfðu nánu samráði við táknmálssamfélagið, málnefnd um íslenskt táknmál og ábyrgðaraðila aðgerða. Þannig verði tryggð samfella í stuðningi við íslenskt táknmál og áfram unnið að því að styrkja máltöku táknmálsbarna, varðveislu málsins og möguleika táknmálsfólks til fullrar þátttöku í samfélaginu.